

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

#### *Stóragerði lóð 1, nýtt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 27. febrúar 2025 deiliskipulag fyrir landspilduna Stóragerði lóð 1. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur lóðum um 5.000 m<sup>2</sup> hvor, þar sem heimilt er að byggja upp til fastrar búsetu og stunda minni háttar atvinnustarfsemi.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Hlíðarendi, vatnsverksmiðja, óveruleg breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 27. mars 2025 óverulega breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda í Ölfusi. Breytingin felur í sér stækkun lóðar um 0,4 ha til suðurs og stækkun byggingarreits.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Riftún, nýtt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 27. mars 2025, deiliskipulag fyrir landið Riftún í Ölfusi. Á landinu er skipulagðar 9 frístundalóðir og 3 ný íbúðarhús.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Laxabraut 12, nýtt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 27. febrúar 2025, deiliskipulag fyrir lóðina Laxabraut 12. Fyrirhuguð er uppbygging á starfsmanna-aðstöðu sem nýtt verður aðallega í tengslum við uppbyggingu og starfsemi landeldis First Water ehf. á Laxabraut 15-23 en eftir atvikum annarra fyrirtækja í samráði við sveitarfélagið. Heimild er fyrir búsetu allt að 200 starfsmanna, ásamt eldhúsi og mótuneyti fyrir sambærilegan fjölda.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 29. apríl 2025.*

**Sigurður Steinar Ásgeirsson,**  
skrifstofu- og verkefnastjóri umhverfis- og framkvæmdasviði.